

Mál nr. 176/2003

M

og

Vátryggingafélag X v/ábyrgðartryggingar fyrirtækis sem vinnur við vegmerkingar (V).

**Ágreiningur um réttarstöðu vegna líkamstjóns
sem rekja má til spreymassa sem notaður var við vegmerkingu þann 17.08. 2001.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.09. 2003 ásamt skjölum merktum 1 – 8 þ. á m. skýrslu lögreglu, læknisvottorð, örorkumat, bréf V, dags. 20.08. 2003, og bréfs X, dags. 08.08. 2003.
2. Bréf X til nefndarinnar, dags. 20.09. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 694/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

V vann við málningarvinnu þ.e. götumerkingu inni í íbúðarbotnlanga á Akureyri þann 17.08. 2001. M, 11 ára, var nálægt heimili sínu. Starfsmenn V höfðu nýlokið við verk sitt þegar M mun hafa lagt lófa á heita málninguna (spreymassa) á götunni þannig að meiðsl hlutust af sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann hafi ekki sýnt gáleysi, engar viðvaranir hafi verið á vettvangi. M telur að ef það sé rétt sem V haldi fram, að málningin sé um hálfa mínútu að kólna, hefði verið hægt að afstýra hættu með lágmarkseftirliti og lítilli fyrirhöfn.

Vátryggingafélagið X hafnar bótaábyrgð. Atvik máls þessa hafi átt sér stað úti á miðri götu eða gatnamótum. Bifreiðin sem notuð er við vegmerkinguna hafi verið á ferð. Vegna þessa hafi verið örðugt um vik að koma fyrir sérstökum merkingum á eða við sjálfa akbrautina þar sem vinnusvæðið sé í raun á hreyfingu. Aðvörunarmerki munu vera á bifreiðinni til að vara vegfarendur, akandi sem gangandi, við því að aka eða ganga ofan í merkingarefnið strax eftir að það hefur verið lagt. Félagið telur umrætt slys ekki vávæna afleiðingu þess hvernig merkingu og gæslu var háttað. M hafi lagt hönd á merkingarefnið gagngert í því skyni að kanna hitastig þess.

V upplýsir um verklag sitt í bréfi, dags. 20.07. 2003. M.a. kemur fram að þegar spreymassanum er sprautað út í línur er hann um 180 gráðu heitur en verður kaldur og að hörðu efni á 20-30 sekúndum. Bifreiðin sem notuð er er ekið á u.þ.b. 6-8 km hraða í vinnu “þannig að hann fer ekki langt á umræddum þurrktíma”. Að auki rýkur úr spreynu fyrstu 3-5 sekúndur á götunni og þessu verki fylgir og allnokkur hávaði. V telur að M hafi sýnt mikinn óvitaskap með því að hlaupa út á miðja götuna við gatnamót til að athuga hvort línur væri heit. V telur að M hafi í “glannaskap hlaupið ískyggilega nálægt bílnum en þess háttar uppátækjum er erfitt að verjast”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Verklagi V var ekki áfátt þegar tekið er mið af því að umræddur spreymassi kólnar á mjög skömmum tíma, hann verður að hörðu efni á 20-30 sekúndum. Bifreiðin sem notuð er er áberandi og henni er ekið á u.þ.b. 6-

8 km hraða í vinnu þannig að hún fer ekki langt á umræddum þurrktíma. Einnig mun rjúka úr spreynu fyrstu 3-5 sekúndur á götunni og þessu verki fylgir og allnokkur hávaði. Breytir ekki framanrituðu þó að unnið hafi verið við málningarvinnu í íbúðarhverfi.

Það var óvarlegt af M að “kanna málninguna” nánast strax eftir að henni hafði verið komið fyrir með því að leggja lófa sinn á hana. M, 11 ára, hefði átt að vita betur.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 7. október 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.